

Pjóðveldi, --Democracy--

Úr „Christian Register“ eftir Dr. Edward E. Hale.

Margt það sem vér segjum og jafnvel hugsun í stjórninálum er atvikum háð, hvaða þýðing vér leggjum í ýmiskonar orð. Þessi atvik eru oft mesta óhamingja, af því að af þeim getur risið alskonar hjátrú, sem ekki er svo létt að víkja úr vegini.

Eg heyrði Dr. Furness segja eitt skifti,—ég held það hafi verið í prestvígslu-ræðu—að hann hefði aldrei hitt nokkurn mann, er alist hefði upp og þegið mentun sína við skólastofnanir í löndum, þar sem adals og höfðingja stjórn sæti yfir þjóðinni, skilja hvað Kristur hefði átt við með „guðsríki“. En Dr. Furness vissi það og hann sagði okkur hinum: Jesús átti við með því það sem vér köllum nú á tíma „Þjóðarríki“. Og viljum vør þýða orðið „ríki“ á sem viðtækastann hátt og láta það tákna andlegan sem veraldlegan auð eða rískdóm, þá myndi þetta orð fyllilega svara hans meiningu. En fimm af hverjum tíu álita að „ríki“ þýði „konungsríki“, og að sjálfsögðu konung. Öllum sem læra á háskólum í Evrópu finst bæði orðin þýða hið sama. Konungs-hugmyndin hefir fylgt ríkishugmyndinni í huga þeirra öld fram af öld. Afleiðingin verður því sú sama og fyrir Zebedeusarsonunum. Sé ríki til, þá er konungur, og sé konungur, þá hljóta einhverjur að sitja honum til „hægri handar“ og „vinstri“, og maðurinn sem vonar eftir að setjast til „hægri handar“ eða til „vinstri“, hann gerir ráð fyrir „fylgð“—lénsmönum. Þar hljóta að vera sessunautar, *Comites, Counts* eða greifar. Þar eru menn er hirða um Hertýgin og menn er hirða um Skrúðann og halda undir Slóðann.

Þetta fólk álítur stjórn sem að sjálfsögðu afl það ofan komandi verkandi út og niður á við, á ýmsu tröppustigi milli „karls“ og „jarls“. Þannig er konungurinn uppsprettu allrar vegsemindar og konungs Engelskan, fyrirmund allrar Engelsku. Og jafnvel undirniðri, þótt víssindamenn vilji ekki meðkenna það, trúá menn að einhvernveginn, fáist konungurinn til að snerta sjúkl-